

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Hungurfit, Rangárvallaafrétti, deiliskipulag innan þjóðlendu.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 21. ágúst 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir Hungurfit. Deiliskipulagið tekur til 7 ha svæðis. Á staðnum er gangnamannaskáli. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á 3 lóðum ásamt tjaldsvæði. Heimilt verður að byggja gistiskála, þjónustuhús og vera með tjaldstæði.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Krókur, Rangárvallaafrétti, deiliskipulag innan þjóðlendu.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 21. ágúst 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir Krók. Deiliskipulagið tekur til 6 ha svæðis. Á staðnum er gangnamannaskáli. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á 3 lóðum ásamt tjaldsvæði. Heimilt verður að byggja gistiskála, hesthús, þjónustuhús og vera með tjaldstæði.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Flagbjarnarholt, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 5. júlí 2013, tillögu að deiliskipulagi fyrir Flagbjarnarholt. Deiliskipulagið tekur til um 3 ha af jörðinni Flagbjarnarholti. Gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús og útihús.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 12. september 2013.*

**Haraldur Birgir Haraldsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. september 2013